

Leir 7 Aðalgötu 20 er vinnustofa og verslun Sigríðar Erlu Guðmundsdóttur leirlistakonu, sem vinnur muni úr Íslenskum leir. Frábær móttaka fyrir hópa, bláskelja smakk allt að 40 manns. Breytilegur opnunartími. S.: 894-0425

Smávinir Ásklif 7, Vinnustofa Láru Gunnarsdóttur sem vinnur handverk, aðallega úr tré. Hægt er að bóka heimsóknir fyrir hópa. S. 438-1617/896-1909. www.simnet.is/smavinir - smavinir@simnet.is

Vélsleðasafn Kristjáns Auðunssonar, Reitarvegi 10, er ómissandi að heimsækja fyrir alla véla- og útivistaráhugamenn. Safnið hefur að geyma c.a. 50 vélsleða frá öllum tímum, m.a. amerískan dýrgrip af gerðinni Manta sem einungis var framleiddur í 350 eintökum. Opið eftir samkomulagi. S. 893-9969.

Stykkishólmskirkja var vígð 1990 og er teiknuð af Jóni Haraldssyni arkitekt. Altaristaflan er eftir listakonuna Kristínu Gunnlaugsdóttur, en hún sýnir Maríu Guðsmóður með Jesúbarnið. Kirkjan þykir hafa mjög góðan hljómburð og eru tónleikar þar haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði yfir sumartímann. Kirkjan er opin virka daga kl. 10-17 og eftir samkomulagi (Hulda, sími 438 1288). **Gamla kirkjan** er ekki opin, en hægt er að hafa samband við Norska Húsið (sími 433-8114) til að fá að skoða hana.

Kapella St. Franciskusystra er opin alla daga og eru gestir velkomnir. Messur eru alla virka daga kl. 07:30, á laugardögum kl.18:30 og á sunnudögum kl. 10:00. Nánari uppl. í síma 433-2120.

Vefmyndavél er staðsett í Vatnasafninu og má sjá í henni yfir höfnina og gömlu húsin í Stykkishólmi. Slóðin á hana er www.stykk.is/webcam.html

Amtbókasafnið er staðsett í miðbænum. Yfir sumartímann er safnið opið mán.-fös. kl.14-18. Bækur, tímarit, DVD myndir, barnahorn og góður leskrókur fyrir fullorðna. Hægt er að tengjast internetinu þar í almenningstölvu gegn vægu gjaldi, netfang: amtsty@stykkisholmur.is.

Eldfjallasafn er staðsett við Aðalgötu. Þar hefur gamla Bíóhúsinu verið breytt í glæsilegt safn sem geymir m.a. alþjóðasafn listaverka, fornra og nýrra, sem sýna eldgos. Einnig eru þar forngríp, minjar og steintegundir úr einstöku safni Haraldar Sigurðssonar prófessors sem hefur stundað eldfjallarannsóknir í yfir 40 ár um allan heim. Opnunartími er daglega kl. 11-17 á sumrin frá 1. maí fram til 31. september. Aðgangseyrir kr. 800 fyrir fullorðna, kr. 600 fyrir hópa og frítt fyrir börn yngri en 16 ára. Nánari uppl. á www.eldfjallasafn.is og síma 433-8154.

Fræðsluferðir um Snæfellsnes þar sem jarðfræði þess og eldfjöll eru skoðuð, eru farnar á vegum Eldfjallasafnsins á mánudögum og þriðjudögum. Fararstjóri er Haraldur Sigurðsson og er lengd ferðanna u.þ.b. 8 klst. Bókanir og nánari upplýsingar í síma 433 8154 og á www.eldfjallasafn.is

Gömul hús. Óhætt er að segja að í Stykkishólmi sé safn gamla húsa sem setja skemmtilegan svip á bæinn. Má þar nefna gömlu kirkjuna við Aðalgötu, Frúarhúsið, Kúldshús, Norska húsið, Eglshús, Clausenshús, Sjávarpakkhúsið og Tang og Riis.

Útivera og líkamsrækt

Göngur. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í og við Stykkishólmi. **Súgandisey** er við höfnina og veitir henni skjól fyrir norðanátt. Eyjan var tengd við land árið 1982 og fer Ferjan Baldur þaðan frá bryggju. Upp í eyjuna liggja tröppur með handriði og þaðan er göngustígur í **“Astarheiðrið”** og vitann, sem er meira en 100 ára. Þar uppi er fádæma fagurt útsýni yfir gömlu húsin, Breiðafjörðinn, eyjarnar og Snæfellsnesfjallgarðinn. Hægt er að nálgast **gönguleiðakort** í upplýsingamiðstöð ferðamála við tjaldsvæðið.

Gönguferðir fyrir hópa m/ leiðsögn um gamla bæinn þar sem sögð er saga gömlu húsanna og umhverfisins, s. 848-5315, Dagbjört. Einnig býður Heimir Laxdal upp á leiðsögn um Stykkishólmi og nágrenni, s. 898-1457. Ferðir samkvæmt samkomulagi.

Þrjár útsýnisskífur eru í og við Stykkishólmi. Þær eru við **Vatnasafn / Library of water** við Bókhöðustíg, á holtinu við **Hótel Stykkishólmi** og uppi á **Helgafelli**.

Bryggjuveiði er vinsæl afþreying í höfninni í Stykkishólmi. Hægt er að fá björgunarvesti lánuð hjá hafnarverði.

Skógræktin er vinsæll útivistarstaður í umsjón Skógræktarfélags Stykkishólms. (Afleggjarinn þangað er hjá kirkjugarðinum). Lífegur gróður veitir gott skjól og undanfarið hefur verið gert átak í að bæta þar aðstöðu og leggja stíga. Gott aðgengi er fyrir fatlaða. Þar eru útgíll, borð og bekkir.

Vikurvöllur er glæsilegur **9 holu golfvöllur** rétt austan við tjaldstæðið og er hann opin allan daga. Opin golfmót eru þar nokkur í sumar á vegum **Golfklúbbsins Mostra**. Nánari upplýsingar eru í síma 438-1075 og á www.golf.is/gms

Sundlaug við Borgarbraut. Í nóvember 1996 fannst heitt vatn í landi Hofsstæða stutt frá Stykkishólmi, sem talið er vera einstaklega heilsusamlegt. Árið 1999 var svo ný og glæsileg sundlaug vígð. Sundlaugin er **opin allt árið**. Þar er úti- og innlaug, vaðlaug, heitir pottar með **heilsuvatni** og **risarennibraut**. Opnunartími: mán.-fim.

7:05-22, fös. 7:05-19 og um helgar 10-18. Verð kr. 500 fyrir fullorðna og kr. 180 fyrir börn 6-17 ára og ellilífeyrisþega.

Íþróttamiðstöðin v/Borgarbraut sími 433-8150 er opin alla daga vikunnar. Þar er einnig rekin Líkamsræktarstöðin Átak sími 438-1111. Hægt er að kaupa staka tíma í stöðinni.

Íþróttir Ungmennafélagið Snæfell er með starfsemi á sumrin fyrir börn á öllum aldri. Bæjarfélagið stendur einnig fyrir leikjánaðmskeiðum fyrir börn í 1.-4. bekk frá kl. 8-14 og er **sumargestum velkomnið að taka þátt í sumarstarfinu**.

Leitið upplýsinga í Upplýsingamiðstöðinni, s. 433-8120.

Eyjar, fuglar og sjávarfang

EKKI er hægt að heimsækja Stykkishólmi án þess að upplifa hina stórbrotnu náttúru Breiðafjarðar í návígi.

Daglega bjóða **Sæferðir** upp á **Ævintýrasiglingu** með leiðsögn um Breiðafjarðareyjarnar óteljandi þar sem skoðaðar eru sérkennilegar bergmyndanir og fuglalíf, bragðað á nýveiddum ferskum skelfiski og ígulkerahrognum ásamt því að skoða fjöldann allan af öðrum sjávardýrum. Sæferðir bjóða einnig upp á ýmsar aðrar ferðir t.d. hinar sívinsælu veisluferðir.

Hrappsey er ein af stærstu eyjum Breiðafjarðar og er sögu- og jarðfræðilega mjög merkileg. Siglt er um sögusvæði Eiríks Rauða.

Ferjan Baldur siglir tvisvar á dag yfir fjörðinn að Brjánslæk, með viðkomu í **Flatay**. Flatay er þekktasta eyja Breiðafjarðar og var þar blómleg byggð fram á miðja þessa öld og mikið menningarlíf. Þar er hótel, veitingastaður og tjaldstæði. Sjá nánar á www.seatours.is

Ocean Safari er nýr rekstraraðili í Stykkishólmi, þeir bjóða upp á margvíslegar siglingar um Breiðafjarðareyjarnar, hægt er að velja um eyjasiglingar, ævintýrasiglingar, fuglaskoðun eða búa til siglingu eftir eigin höfði. Sjá nánar á www.oceansafari.is

Nágrenni Stykkishólms

Þingvellir er gamall þingstaður, þar sem finna má búðartóftir og blótstein „altari“ Þórs.

Helgafell er sögufrægur staður allt frá landnámsöld og hefur verið kirkjustaður frá Kristnitöku. Þar er falleg nýuppgerð sveitakirkja og þar er m.a. að finna leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur. Sagt er að menn fái 3 óskir uppfylltar ef gengið er á fellinu frá leiði Guðrúnar upp eftir stígnum án þess að líta til hliðar eða aftur fyrir sig eða mæla orð. (að því loknu má tala) Gengið er beint í byrgið uppi á fellinu, sem er leifar af gamalli kapellu, snúið í austur og óskirnar bornar fram í hljóði. Þær verða að vera bornar fram af góðum hug og engum má segja þær fyrr en þær rætast. Uppi á fellinu er útsýniskífa, enda víðsýnt þaðan í allar áttir. Hægt er að kaupa veiðileyfi í Helgafellsvatni hjá bóndanum á bænum.

Sauraskógur er fallett, kjarri vaxið svæði, sem gaman er að ganga um. Á síðustu árum hafa risið nokkrir sumarbústaðir við Sauravatn, en lítil veiði er í vatninu.

Drápuhlíðarfjall er sérstaklega fallett, ljóst líbaríttfjall sunnan við Þórsnesið. Trúðu menn áður fyrr að þar væri að finna gull og aðra dýra málma. Það var litur fjallsins sem blekkti og þó gull hafi fundist var það í litlum mæli og reyndist að mestu vera brennisteins-kís sem stundum er kallað glópagull. Fjallið er að mestu gróðurlaust en vinsælt uppgöngu. Gæta þarf fyllsta öryggis því grjótið er víða laust og hætt við að það skriði. Í austurhlíðum fjallsins er **Vatnsdalur**, gróð útvistarsvæði í eigu Stykkishólmsbúa.

Berserkjahraun þekur allmikið af vesturhluta Helgafellssveitar og nær milli fjalls og fjöru. Talið er að hraunið hafi runnið fyrir liðlega 4000 árum og upptökin voru úr fjórum gjall- og vikurkúlum. **Rauðakúla** er þeirra hæst (379 m) auðvelt er að ganga upp hana og er útsýnið þaðan stórfenglegt. Aðrar kúlur eru einnig skemmtilegar uppgöngu þ.e. Gráakúla, Smáhraunskúla og Kothraunskúla. Gígar eru í þeim öllum. Í hraunjaðrinum eru einnig gamlir áningastaðir sem kallast Nátthagar. Menn fóru snemma að ryðja gönguleiðir og hestagötur yfir mitt hraunið.

Berserkjagatan er nálægt vegamótunum til Bjarnarhafnar. Hún er frægust af hraungötunum í Berserkjahrauni. Hún var rudd af tveimur bræðrum, berserkjunum, sænskum að ætt sem hétu Halli og Leiknir. Vermundur hinn mjóvi í Bjarnarhöfn flutti þá hingað til lands árið 982. Berserkjagatan er elsta mannvirki í vegagerð hér á landi sem vitað er hverjir unnu, eins og segir í Eyrbyggju. Við hana má einnig sjá leifar af garði sem berserkirnir hlóðu og dysina sem þeir voru grafnir í eftir að þeir voru vegnir, en hún er þannig staðsett að frá henni sést hvorki til fjalls né fjöru.

Bjarnarhöfn. Í Bjarnarhöfn er vel tekið á móti gestum með persónulegri leiðsögn um Hákarlafafnið og er öllum gefið smakk af hákarlinum. Hákarlsverkunin hefur verið í fjölskyldunni margar kynslóðir og á safninu er sagt frá sögu, veiðum og verkun hákarlsins og geta gestir gengið upp að hákarlahjallinum þar sem hægt er að sjá gimilegan hákarl í verkun. Einnig er hægt að koma við og kaupa hákarl og harðfisk. Aðgangseyrir fyrir fullorðna er 800kr. Nauðsynlegt er að panta fyrir hópa. Opnunartími 9-18. Nánari uppl. í síma: 438 1581

Berjaland. Í nágrenni Stykkishólms er gott berjaland. Nóg er að ganga upp á holtin í kringum bæinn þar sem oft er krökkt af krækiberjum. Bláber og aðalbláber má finna í Vatnsdal og Seljabrekku við rætur Drápuhlíðarfjalls. Þá er jaðar Berserkjahrauns ríkur af berjum ef farið er gamla veginn í gegnum hraunið um Nátthagana.

Hagnýtar upplýsingar

Verslun og þjónusta í Stykkishólmi er fjölbreytt. Þar er matvöruverslun, bakarí, sjoppa, bensinstöðvar og Vínubúðin. Auk þess er bókabúð, byggingavöruverslun, blómabúð, verslun með föt, skó, gjafavörur og ýmislegt fleira. Einnig eru í bænum fyrirtæki sem þjónusta bíla og báta. Þá eru góð veitinga- og kaffihús í bænum. Þeir sem vilja slaka á og láta dekra við sig geta gert það með góðu móti, því í Stykkishólmi eru hárgreiðslu- snyrti- og nuddstofur. Fjölbreyttir gístmöguleikar eru í og við bæinn, hótél, gistiheimili og sumarhús. **Tjaldsvæði** er staðsett við golfvöllinn og er öll almenn þjónusta í göngufæri við það. Þjónustuhús er við tjaldsvæðið og aðstaða fyrir felli- og hjólhýsi eins og best verður á kosið. Starfsfólk golfskálans/upplýsingamiðstöðvarinnar sér um að þjónusta tjaldsvæðið s. 438-1075. Hópar geta haft samband í þjónustusímann og látið taka frá tjaldsvæðispláss. Á hluta tjaldstæðis er **opið internet**. Hægt er að fá nánari upplýsingar um veitingastaði, gístaði og þjónustu á www.stykkisholmur.is

Samgöngur. Yfir sumartímann eru daglegar áætlunarferðir milli Reykjavíkur og Stykkishólms. Uppl. á www.sterna.is og s: 587-6000. Í Hólminum er flugvöllur og góð smábátahöfn með bláfanavottun.



Umhverfismál eru í hávegum höfð í Stykkishólmi og hefur sveitarfélagið fyrst allra á Íslandi innleitt flokkun á sorpi og moltugerð lífræns úrgangs frá öllum heimilum bæjarins. Að auki hefur allt Snæfellsnesið umhverfisvottun frá EarthCheck fyrst allra svæða í evrópu.



EDEN-gæðaáfangastaður. Stykkishólmsbær var útnefndur EDEN-gæðaáfangastaður í Evrópu 2011 fyrir varðveislu og endurnýjun menningarminja og metnaðarfulla stefnu í sjálfbærri þróun. Viðurkenninguna fær bæjarfélagið vegna markvissrar uppbyggingar gömlu húsanna í bænum sem gengið hafa í endurnýjun lífdaga og öðlast nýtt hlutverk þar sem sjálfbærni- og umhverfishugsun er í forgrunni.

Nokkur símanúmer:

Heilsugæsla/Neyðarnúmer s: 112
Apótek, s: 438-1141 / Tannlæknir, s: 432-1224
Bifreiða- og hjólbílaáverkstæði
-Dekk og Smur, s: 438-1385 / gsm: 862-9971



Upplýsingamiðstöð ferðamála

Golfskálanum við tjaldsvæðið

Opið alla daga frá kl. 8-22 í júní, júlí, ágúst.

Sími: **sumar/vetur** 433-8120

Fax 438-1780, netfang: travelinfo@stykkisholmur.is

www.stykkisholmur.is

Sumarið 2012

-afþreying í Stykkishólmi og nágrenni



Menning og listir

Norska húsið er Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. Opið daglega 1. júní - 30. ágúst kl.12-17. Aðgangseyrir er 800 kr. fyrir fullorðna, 300 kr. fyrir börn 6-18 ára og elli- og örorkulífeyrisþega. Í Norska húsinu er gamaldags krumbúð sem selur handverk, listmuni, minjagrip, o.m.fl. Nánari uppl. í síma 433-8114 og info@norskahusid.is
Sýningar í Norska húsinu sumarið 2012:

Jarðhæð: Sýningin: Æðarsetur Íslands verður í mjólkurstofunni og eldhúsinu. Æðarfuglinn verður kynntur í máli og myndum. Dúnsængur og listmunir verða til sýnis og sölu. Gamlar og nýjar aðferðir við dúnhreinsun verða kynntar.

Miðhæð: "Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld" Heimili Árna Thorlaciusar kaupmanns og útgerðarmanns og frú Önnu Magdalenu konu hans.

Ris: Opin safngæmsla með munum frá fyrri hluta 20. aldar.

Vatnasafn / Library of water, er staðsett á Þingmannahöfða við Bóklöðustig þar sem stórkostlegt útsýni er yfir Stykkishólmi og Breiðafjörðinn. Þar hefur gömlu bókasafnsbyggingunni verið breytt í safn vatns, orða og veðurfrásagna. Safnið prýða m.a. 24 glersúlur með vatni úr helstu jöklum landsins. Opnunartími er frá 13-18 alla daga á sumrin frá 1. júní - 1. september. Nánari uppl. á www.libraryofwater.is eða í síma 857-1221

Fjaran handverk Skúlagötu 24, opið um helgar, handgerðar vörur, t.d. kerti, ýmsar þrjónavörur o.m.fl. t.d. má finna lítið flóamarkaðshorn með ýmsu dóti á góðu verði. S. 868-1617 eða fjaran@gmail.com

Gallerí Lundi er handverksverslun í Lionshúsinu v/Aðalgötu sem hefur til sölu fjölbreytt og fallett handverk. Verslunin er opin daglega kl. 12:30 – 18:00. Getum opnað á öðrum tímum. S. 893-5588 og 866-0228

Gallerí Braggi Aðalgötu 28 er handverksvinnustofa og gallerí með gler, leir og skartgrip ásamt ýmsu öðru. Góð móttaka fyrir smáa og stóra hópa. Þjóðum upp á stutt námskeið í gleri. Breytilegur opnunartími og hægt er að opna á öðrum tímum. S. 893-5588.